

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um burðareyri til brezkra og frakkneskra nýlenda. — Með þessu brjefi var skýrt frá, að gjörður hefði verið 27. janúar þ. á. í Bern samningur um, að Indland hið brezka og hinar frakknesku nýlendur skyldu teknar inn í allsherjar-póstmálasambandið frá 1. júlí þ. á., og var póstmeistarann um leið tilkynnt, að burðareyri milli Íslands og landa þessara skyldi upp frá því vera eins og hjer segir:

fyrir brjef, sem borgað er undir fyrirfram . . .	40 a.	hver	15 grömm ¹ .
— — — óborgað — — — . . .	60 —	—	15 —
— bækur, blöð og annað prentað mál, sýnishorn af varnagi og viðskiptaskjöl	12 —	—	50 —
— meðmælingu	16 —		
— viðtökuskírteini	8 —		

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fjárveitingu til sjúkrahússins á Akureyri. — Með því að stjórn sjúkrahússins á Akureyri hafði farið þess á leit, að fá greitt 2000 króna tillag það, er meðal annars hefir veitt verið sjúkrahúsinu í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, 4. gr. 4. d., hafð þjer, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 15. f. m. lagt það til, að áminnst fjárupphæð, er ekki verði álitin gjöf eða styrkur, eins og þær 400 kr. um árið, er um leið hafa veittar verið sjúkrahúsinu, verði fengin sjúkrahúsinu að vaxtalausú láni, gegn veði í húsinu, og þannig, að láninu megi ekki segja upp meðan stofnunin er höfð fyrir sjúkrahús.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn verður að vera á því, að eins og fjárveitingin er orðuð í fjárlögunum eigi sjúkrahúsið fulla heimtingu á, að áminnstar 2000 kr. sjeu greiddar því úr landssjóðnum að gjöf.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af tóbaki. — Í þóknanlegu brjefi frá 22. apríl þ. á. hafð þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að flutzt hafi með skipinu Marie Christine til kaupmannanna M. Smiths, Magnúsar Jónssonar og hins svo nefnda Hlutaveltufjelags í Reykjavík nokkuð af tóbaki, er samkvæmt tollskrá þeirri, er skipinu fylgdi, hafi numið 74 pundum meira en viðtakendur farmsins allir þrír hafa staðhæft «upp á æru og trú», að þeir hafi fengið, og hafi skýrsla þeirra einnig verið samkvæm farmskrám þeim um vörurnar, er þeir fengu. Munur þessi komi fram í nef-tóbaki því (rjólí), er með skipinu kom, þar sem farmskrá Smiths konsúls hafi talið það 400 pund, en tollskráin telji honum 8 bagga með alls 424 pundum; og í annan stað hafi hinir viðtakendurnir tveir samkvæmt farmskránni að eins fengið 17 bagga báðir saman, með 901 pundi í, en tollskráin telji tóbakið til þeirra 951 pund. En með því að yður sje kunnugt, að samskonar tóbaksströnglar og hjer ræðir um sjeu vanir að vega 53 pund hver, eða eins og tollskráin telur viktina á því, sem átti að fara til Smiths kaupmanns, segizt þjer hafa lagt fyrir bæjarfógetann í Reykjavík að heimta af honum toll af vörupunga þeim, er í tollskránni segir, að undangenginni nánari rannsókn; en þar sem hinir tóbaksströnglarnir hafi samkvæmt tollskránni vegið 2 pundum meira, en almennt á sjer stað, hafð þjer mælt til þess, að ráðgjafinn leiti skýringar um þetta hjá tollstjórninni dönsku.

1) 15 grömm = 3 kvint, 50 gr. = 10 kv., sjá athugasemd 2, bls. 7, og 1, bls. 9 hjer að framan.

Hinn 30. október 1876.